

EES-samstarf: Mennta,- menningar- og rannsóknáætlanir ESB

1. Ævilöng menntun, „Lifelong learning”, menntaáætlun 2007-2013

2. Erasmus Mundus

3. Sjöunda (7.) rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun

4. Menning 2007

5. Æskulýðsáætlunin, evrópa unga fólksins

6. Media 2007, áætlun um stuðning við hljóð- og myndmiðlun (audiovisual)

1. Ævilöng menntun, „Lifelong learning”, menntaáætlun 2007- 2013

Fulltrúar í stjórnarnefnd: Stefán Stefánsson og Þórir Ólafsson
Varafulltrúar: Hellen M. Gunnarsdóttir og Kristrún Ísaksdóttir.

Umsjón: Landsskrifstofa Menntaáætlunar ESB / Lifelong Learning á Íslandi:
Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins, forstöðumaður: Karítas Kvaran og Rannsóknþjónusta HÍ,
Tæknigarði, forstöðumaður Ágúst Hjörtur Ingþórsson (Leonardo da Vinci undiráætlunin).

Áætlunin skiptist í sex undirflokkka:

- **Comenius**, fyrir leik-, grunn, og framhaldsskóla. Skiptist í þrjá þætti:
 1. Evrópskt skólasamstarf, tungumálaverkefni, skólaþróunarverkefni,
 2. Endurmenntun kennara/þjálfun kennaranema og skólafólks,
 3. Comeniusarnet.

-sjá: comenius.is

- **Erasmus**, fyrir háskólastigið. Styrkir til einstaklinga (stúdentna, kennara og starfsmanna) og margvíslegs samstarfs háskóla og aðila er tengjast menntun á háskólastigi.

- sjá: erasmus.is

- **Leonardo da Vinci**, fyrir starfsmenntun. Til að þróa nýjungar í starfsmenntun og til að gefa nemendum og fólki á vinnumarkaði tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í 31 þáttökulandi. Opinberir aðilar, fyrirtæki, skólar og stofnanir sem tengjast starfsmenntun og starfsþjálfun geta sótt um styrki.

- sjá: leonardo.is/

- **Grundtvig**, fyrir fullorðinsfræðslu. Samstarfsverkefni a.m.k. 3 stofnana: Menntasamstarf sem felur í sér heimsóknir samstarfsaðilja, þjálfunarheimsóknir/námskeið, þ.e. þjálfun kennara og miðlun á reynslu og Samstarfverkefni og net - vettvangur fyrir hugmyndir um lykilatriði í fullorðinsfræðslu og dreifingu á niðurstöðum verkefna

- sjá: <http://ask.hi.is/page/grundtvig>

- **Þveráætlun** (Transversal programme): 4 lykilaðagerðir: Samstarf um stefnumótun, tungumálanám, upplýsingatækni í skólastarfi og kynning á útkomu verkefna og yfirfærsla niðurstaðna.

- sjá: <http://ask.hi.is/id/1006592>

- **Jean Monnet áætlunin:** 3 lykilaðgerðir: Jean Monnet aðgerð, styrkir til evrópskra stofnana og styrkir til evrópskra samtaka.

-sjá: http://ec.europa.eu/education/programmes/llp/jm/index_en.html

Hver ofangreindra flokka skiptist í margvíslegar undiráætlanir og verkefni. Sjá einnig: <http://lme.is>

2. Erasmus Mundus:

Fulltrúi í stjórnarnefnd: Sólrún Jensdóttir

Varafulltrúi: Þorgeir Ólafsson

Umsjón / landsskrifstofa: Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins. Forstöðumaður: Karitas Kvaran.

Erasmus Mundus áætlunin er samvinnu- og samskiptaáætlun, sem ætlað er að efla og styrkja háskólastarf innan sambandsins. Áætlunin styrkir hágæða háskólanám á meistarastigi í Evrópu og aðila utan sambandsins til þessa náms og veitir námsmannastyrki til einstaklinga innan ESB / EFTA, sem sækja nám utan þess. Takmarkið er að ESB / EFTA ríkin verði eftirsóttur áfangastaður fólks sem sækist eftir hágæða námsumhverfi.

Erasmus Mundus-áætlunin felur í sér fernskonar aðgerðir:

- Nám á meistarastigi
- Náms- og fræðimannastyrkir
- Samstarfsnet
- Kynningarstarf – aukin aðsókn.

Ný áætlun, Erasmus Mundus II, tekur væntanlega við af núverandi áætlun árið 2009. Meginmarkmið verða þau sömu en aukin áhersla á þátttöku við ríki utan Evrópu.

-sjá: http://lme.is/page/Erasmus_Mundus

3. Sjöunda (7.) rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun

Sjöunda rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun sameinar allan stuðning ESB við rannsóknir undir einu þaki og ásamt hinni nýju Samkeppnis- og nýsköpunaráætlun (CIP) gegnir hún lykilhlutverki við að uppfylla vaxtar-, samkeppnis- og atvinnumarkmið sambandsins. Hún er einnig lykilþáttur í uppbyggingu Evrópska rannsóknasvæðisins (ERA). Í áætluninni eru 4 undiráætlanir auk séráætlunar á sviði kjarnorkurannsókna.

Stjórnarnefndarfulltrúar og sérfræðingar: Sjá yfirlit yfir nefndir.

Umsjón / landsskrifstofa: Rannís

- **Samvinna:** Heilbrigðisvísindi, matvæli, landbúnaður, sjávarútvegur og líftækni, upplýsinga- og samskiptatækni, örvisindi, örtækni, efnistækni og ný framleiðslutækni, orka, umhverfi, samgöngur, félags-, hag- og hugvísindi, geimtækni og öryggismál.
- **Hugmyndir:** Styrkir Evrópska rannsóknaráðsins til grunnrannsókna.
- **Mannauður:** Þjálfunarnet fyrir ungt vísindafólk, símenntun og starfsþróun vísindafólks, samstarf iðnaðar og menntastofnana, alþjóðlegt samstarf og viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur.
- **Undirstöður:** Innviðir rannsókna, rannsóknir í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þekkingarsvæði, færni vaxandi svæða til rannsókna og þróunar, vísindi í samfélaginu, samhæfing rannsókna og alþjóðlegt samstarf .

Sjá einnig: <http://www.rannis.is/7ra>

4. Menning 2007:

Fulltrúi í stjórnarnefnd: Guðný Helgadóttir
Varafultrúi: Þorgeir Ólafsson

Umsjón / landsskrifstofa: Upplýsingaþjónusta menningaráætlunar Evrópusambandsins, Cultural Contact Point Iceland: Hallveigarstaðir, Túngata 14. Forstöðumaður: Rósa Þorsteinsdóttir.

- **Skammtímaverkefni**, með þátttöku a.m.k. þriggja landa og standa yfir að hámarki í tvö ár. Nýjungar og verkefni sem geta eflt samstarf til lengri tíma njóta forgangs.
- **Langtímaverkefni**, með þátttöku a.m.k. sex landa í 3-5 ár og geta lagt grunn að sjálfbæru og skipulegu samstarfi í menningargeiranum. Styrkir eru ætlaðir til að styðja þá sem vilja hefja slíkt samstarf eða víkka það til fleiri landa, en stefnt skal að því að samstarfið verði að lokum fjárhagslega sjálfbært.
- **Þýðingar** á evrópskum bókmenntum. Sérstök áhersla verður lögð á verk sem hafa vakið athygli almennra lesenda og sérfræðinga í bókmenntum auk verka sem þykja hafa óumdeilt bókmenntalegt gildi.

Sjá einnig: <http://www.evropumenning.is/>

5. Æskulýðsáætlunin, Evrópa unga fólksins:

Fulltrúi í stjórnarnefnd: Erlendur Kristjánsson.
Varafultrúi: Þorgeir Ólafsson

Umsjón: Landsskrifstofa Evrópu unga fólksins: UMFÍ, forstöðumaður Anna Möller.

Áætlunin skiptist í neðangreind flokka:

- **Ungmennaskipti**. Undir þeim flokki eru undirverkefni sem skiptast í: Lýðræðisverkefni, Ungmennaskipti og Frumkvöðlaverkefni.
- **Sjálfbóðaliðaverkefni**. Fólk á aldrinum 18-30 ára vinnur að verkefnum erlendis, sem ekki er efnt til í ágóðaskyni.
- **Veröld unga fólksins**. Markmiðið er að vinna að samstarfi við aðila frá öðrum heimsálfum á sviði æskulýðsmála og óformlegrar menntunnar.
- **Stuðningsverkefni**. Ætlað til að þróa samstarf og samvinnu meðal þeirra sem vinna að æskulýðsmálum og í æskulýðsfélögum auk þess að stuðla að meiri upplýsingagjöf fyrir ungt fólk.
- **Samstarfsverkefni**. Til að stuðla að skipulögðum samskiptum milli ungs fólks og stefnumótunaraðila auk þess að auka þekkingu og skilning á ungu fólki og málefnum þeirra.

Sjá einnig: <http://www.euf.is/euf/>

6. Media 2007, áætlun um stuðning við hljóð- og myndmiðlun (audiovisual):

Fulltrúar í stjórnarnefnd: Karítas H. Gunnarsdóttir og Sigríður Margrét Vigfúsdóttir
Varafultrúi: Þorgeir Ólafsson

Umsjón / landsskrifstofa: MEDIA skrifstofan, Hallveigarstaðir, Túngötu 14.
Forstöðumaður: Sigríður Margrét Vigfúsdóttir.

Áætlunin skiptist í þessa flokka:

- **Þjálfun og framhaldsmenntun** fagfólks í myndmiðlunargeiranum.
- **Undirbúningur** verkefna og verkefnapakka.
- **Dreifing**, kynningar og kvikmyndahátíðir.
- **Tilraunaverkefni** og þróun.
- **i2i** Styrkir til lækkunar á fjármagnskostnaði.

Hver ofangreindra flokka skiptist í margvíslegar undirátlanir og verkefni.

Sjá: <http://www.mediadesk.is/>